

Líffæraflutningar

Skýrsla líffæraflutninganefndar
um árið 1997

Formáli

Árið 1992 gerðu heilbrigðisyfirvöld hér á landi í fyrsta sinn samstarfssamning við erlenda aðila um líffæraflutninga. Um var að ræða samning við sænska fyrirtækið Swede Health Gothenburg Care AB í Gautaborg. M.a. vegna umtalsverðs kostnaðar við einstaka líffæraflutninga og skorts á samskiptum samningsaðila var ákveðið að taka fyrirkomulag þessara mála til endurskoðunar. Gildandi samningi var sagt upp með umsömdum fyrirvara og í ársbyrjun 1996 var skipuð nefnd til þess að kanna stöðu þessara mála og möguleika á endurskoðun gildandi samnings eða gerð samnings við aðra aðila. Niðurstaða nefndarinnar var sú að ganga til samninga við Ríghospitalet haustið 1996. Í álitni nefndar sem falið var að endurskoða þessi mál voru lagðar til breyttar áherslur í samstarfi um líffæraflutninga þannig að rannsóknir á sjúklingum fyrir aðgerðir og eftirlit að þeim loknum færi í auknum mæli fram hér á landi og að fjárhagslegt og faglegt eftirlit af hálfu Íslendinga yrði eftt verulega.

Þann 22. janúar 1997 var skipuð nefnd sem ætlað er að hafa umsjón með töku ígræðslulíffæra hér á landi og að annast samskipti við fulltrúa Ríghospitalet um ígræðslulíffæri og halda skrá um töku ígræðslulíffæra hér á landi.

Skýrsla líffæraflutninganefndar um árið 1997

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skipaði nefndina þann 22. janúar 1997, í framhaldi af því að gerður var þríhliða samningur ráðuneytisins og Tryggingastofnunar ríkisins annars vegar og Ríkisspítalans í Kaupmannahöfn hins vegar um líffæraflutninga. Nefndinni er ætlað að hafa umsjón með töku ígræðslulíffæra hér á landi og að annast samskipti við fulltrúa Ríkisspítalans um ígræðslulíffæri og halda skrá um töku ígræðslulíffæra hér á landi.

Í nefndinni sitja Sigurður Thorlacius tryggingayfirlæknir (formaður), Páll Ásmundsson yfirlæknir, Þorvaldur Jónsson skurðlæknir og ritari nefndarinnar er Kristján Guðjónsson deildarstjóri.

Nefndin hélt 5 fundi á árinu 1997.

Nefndin telur eðlilegt að hún fylgist bæði með líffæratökum hér á landi og líffæraígræðslum í sjúkratryggða erlendis.

Samvinna

Samvinna við Ríkisspítalann í Kaupmannahöfn hefur verið góð, bæði hvað varðar ígræðslu og töku líffæra.

Líffæri tekin til ígræðslu árið 1997

Á liðnu ári var átta sinnum ákvarðaður dauði með skilmerkjum algers heiladreps. Í sjö tilvikum var um að ræða sjúklinga á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, en í einu sjúkling á Landspítalanum. Í tveimur þessara tilvika var ekki farið fram á líffæratöku. Óskað var leyfis til líffæratöku í 6 tilvikum. Einni beiðni var hafnað, í öðru tilviki barst svar of seint. Af líffæratöku varð því fjórum sinnum.

Eftirfarandi líffæri voru tekin:

8 nýru (eitt reyndist ekki nýtanlegt)

3 lifrar

2 hjörtu

1 lunga.

Utanferðir íslenskra sjúklinga vegna líffæraígræðslna

| | Ígræðslur | Eftirlit | | Á biðlista í lok árs |
|-----------------|-----------|--------------|------------------|----------------------|
| | | Fjöldi ferða | Fjöldi sjúklinga | |
| Hjarta | 0 | 5 | 5 | 0 |
| Hjarta og lungu | 0 | 5 | 2 | 0 |
| Lungu | 0 | 7 | 2 | 0 |
| Lifur | 0* | 0 | 0 | 0 |
| Nýru | 4** | 0 | 0 | 3 |

* Kona var send á leiðis á Ríkisspítalann í Kaupmannahöfn vegna bráðrar lifrabilunar, en hún dó á leiðinni.

** Engin ígræðsla af biðlista, en fjórir sjúklingar fengu ígrætt nýra frá lifandi gjafa, þrír á Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn og einn á sjúkrahúsi heilags Kristófers í Fíladelfíu í Bandaríkjunum.

Forrannsóknir og eftirlit hér á landi

Í samningnum við Ríkisspítalann í Kaupmannahöfn er gert ráð fyrir að rannsóknir fyrir líffæraflutninga og eftirlit eftir þá fari almennt fram hér á landi. Áður hafði þessum þáttum alfarið verið sinnt hér á landi hvað varðaði nýrnaígræðslur í fullorðna og að nokkru leyti hvað varðaði hjartaígræðslur í börn. Eftir að gengið var frá samningnum var byrjað að vinna að því að flytja forrannsóknirnar og eftirlitið að öðru leyti inn í landið. Sú vinna hefur tekið langan tíma, en er nú að mestu lokið. Verið er að stofna sérstaka göngudeild fyrir þessa starfsemi á Landspítalanum og mun hún taka til starfa á næstunni. Hjúkrunarfræðingur hefur verið ráðinn í hlutastarf og fyrirhugað er að ráða einnig félagsráðgjafa í hlutastarf vegna þessa verkefnis. Þeir læknar sem annast hafa þessa starfsemi hingað til munu halda því áfram, þ.e. Páll Ásmundsson mun hafa umsjón með nýrnaígræðslum, Árni Kristinsson hjartaígræðslum, Bjarni Þjóðleifsson lifraígræðslum, Óskar Einarsson lungnaígræðslum og Hróðmar Helgason hjartaígræðslum í börn. Páll Ásmundsson hefur þegar heimsótt Ríkisspítalann í Kaupmannahöfn og rætt samstarfið og hinir lækarnir munu, ásamt hjúkrunarfræðingnum, heimsækja spítalann á næstunni. Tryggingastofnun ríkisins mun kosta þá ferð.

Fjarlækningar

Unnið hefur verið að því að koma á fjarlækningasamskiptum á milli Landspítalans og Ríkisspítalans í Kaupmannahöfn. Sá búnaður sem keyptur hefur verið á Landspítalann vegna þessa hefur að hluta verið greiddur af Landspítalanum og að hluta af Tryggingastofnun ríkisins. Tæknilega er nú ekkert því til fyrirstöðu að hefja þessi samskipti og verður það væntanlega gert næst þegar þörf er á faglegum samskiptum við Ríkisspítalann vegna líffæraflutninga. Þennan búnað er einnig hægt að nýta til fjarlækninga hér á landi.

Fræðsla vegna líffæraflutninga

Um leið og skrifað var undir líffæraflutningasamninginn í desember 1996 var haldið námskeið fyrir íslenska lækna á Hótel Sögu, þar sem skurðlæknar frá Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn héldu erindi um líffæraígræðslur. Fyrirhugað er að nokkrir læknar komi frá Ríkisspítalanum á næstunni og haldi erindi á sjúkrahúsum hérlendis um líffæratökur og ræði við lækna og aðra á sjúkrahúsunum sem taka þátt í þeirri starfsemi.

Kostnaður vegna líffæraflutninga

Samkvæmt greiðslubókhaldi Tryggingastofnunar ríkisins er bókfærður sjúkrakostnaður á árinu 1997 vegna líffæraígræðslna 52,3 milljónir kr. (bráðabirgðatölur). Er þetta ekki nema u.þ.b. fjórðungur af bókfærðum kostnaði á sama lið fyrir árið 1996. Í þessum lið eru bókfærðir reikningar sem komu til greiðslu á árinu 1997, en hluti þeirra var vegna meðferðar sem fram fór árin 1995 og 1996 (síðkomnir reikningar). Hér er einungis um greiðslu á kostnaði vegna meðferðar á sjúkrastofnunum erlendis að ræða, en ekki kostnað vegna ferða og upphalds sjúklinga og fylgdarmanna.

Sé hins vegar skoðaður kostnaður vegna eftirlits og ígræðslna sem áttu sér stað á árinu 1997 (tölur sjúkratryggingadeildar) sést að greiddar hafa verið samtals 49,5 milljónir kr. Þar af var sjúkrakostnaður (á stofnunum erlendis) kr. 39,9 milljónir, ferðakostnaður 3,2 milljónir og upphaldsdagpeningar 6,4 milljónir. Fáeinir reikningar munu vera ókomnir. Heildarkostnaðurinn, 49,5 milljónir kr., skiptist þannig að greiddar voru kr. 31,9 milljónir vegna meðferðar og eftirlits í Gautaborg, kr. 15,5 milljónir vegna líffæraflutninga í Kaupmannahöfn, kr. 1,1 milljón vegna líffæraflutnings í Filadelfíu í Bandaríkjunum (reikningur vegna sjúkrakostnaðar ókominn) og kr. 1,0 milljón vegna eftirlits í London. Tekið skal fram að verulegur hluti (72%) ofangreinds kostnaðar í Gautaborg, kr. 23,0 milljónir, er vegna áframhaldandi legu líffæraþega á Sahlgrenska sjúkrahúsinu eftir áramót 1996-97, vegna ígræðslna sem fram fóru þar síðla árs 1996.

Reykjavík, 19. febrúar 1998

Sigurður Thorlacius

Páll Ásmundsson

Þorvaldur Jónsson

Kristján Guðjónsson